

Ed.

531. Nefndarálit

[59. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frv. milli deilda var formönnum allsherjarnefnda þingdeildanna ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust nefndinni. Er þetta sama málsmeðferð og verið hefur á afgreiðslu sams konar frv. á undanförnum árum.

Að athugunum þessum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að álitu tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eigi íslenzkan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazzt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að þeim umsækjendum, sem taldir eru upp í breytingartillögu nefndarinnar á sérstöku þingskjali, verði nú veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Enginn umsækjenda, sem nefndin leggur til að öðlist íslenzkan ríkisborgararétt, hefur, að því er bezt verður vitað, sætt þeim viðurlögum hér á landi, sem hindri, að honum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Alþingi, 5. apríl 1973.

Björn Fr. Björnsson,
form., frsm.

Halldór Kristjánsson.

Geir Gunnarsson,
fundaskr.

Ásgeir Bjarnason.

Magnús Jónsson.

Eggert G. Þorsteinsson.

Oddur Ólafsson.